**148. löggjafarþing 2017–2018.**
**Þingskjal 1109 — 642. mál.**

# Fyrirspurn

**til félags- og jafnréttismálaráðherra um túlkaþjónustu fyrir innflytjendur.**

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

1. Hvernig ætlar ráðherra að tryggja með lögum að innflytjendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku njóti túlkaþjónustu vegna nauðsynlegra samskipta við starfsmenn sýslumannsembætta?
2. Hvaða gögn eru til um það hvort innflytjendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku njóti lögbundinnar túlkaþjónustu á heilbrigðisstofnunum?
3. Hvar eru upplýsingar frá hinu opinbera sem snúa að réttindum og hagsmunum innflytjenda sem ekki hafa náð tökum á íslensku aðgengilegar í þýðingu á erlend mál á netinu?
4. Er í undirbúningi innan Stjórnarráðsins að koma á fót styrktarsjóði fyrir innflytjendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku og þarfnast túlkaþjónustu vegna samskipta við einkaaðila?
5. Hvernig hefur verið brugðist við skýrslu um túlkaþjónustu fyrir innflytjendur sem innflytjendaráð vann fyrir velferðarráðuneytið og skilaði 26. janúar 2011?

**Skriflegt svar óskast.**